

HS VEITUR

**FRAMVINDUSKÝRSLA
GRÆNNA SKULDABRÉFA 2023**

HS Veitur hf.

Framvinduskýrsla grænna skuldabréfa 2023

Inngangur

HS Veitur er íslensk raforku-, heitavatns- og kaldavatnsveita sem starfar á Suðurnesjum, víða á Suðurlandi og á syðsta hluta höfuðborgarsvæðisins. Fyrirtækið dreifir raforku og verslar innan íslenska netsins sem er unnið úr 99% endurnýjanlegri orku. Dreifingin raforku er á Suðurnesjum, Hafnafirði, hluta Garðabæjar, í Árborg og Vestmannaeyjum. Dreifing á heitu og köldu vatni á Suðurnesjum og Vestmannaeyjum.

HS Veitur eru meðvitaðir um áhrif þess á umhverfið, samfélagið í heild og ábyrga meðferð þeirra auðlinda sem fyrirtækið vinnur með. HS Veitur hafa sett sér sjálfbærni- og umhverfisstefnu og stjórnkerfi í samræmi við innlenda staðla. Sem hluti af sjálfbærnistefnu sinni hafa HS Veitur skuldbundið sig til að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæðu áhrifin. Markmiðið er að vera leiðandi í sjálfbærni og veita skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um frammistöðu fyrirtækisins í þessum málum.

[Umhverfisstefna](#)

[Sjálfbærnistefna](#)

Græn fjármögnun

HS Veitur settu sér Grænan fjármögnunarramma (Green Financing Framework) þegar félagið hóf útgáfu á grænum skuldabréfum árið 2022. Þessi græni fjármögnunarrammi gerir fyrirtækinu kleift að gefa út græna lánsfjármögnun til að fjármagna umhverfisvænar eignir. Fjármögnunarramminn hefur fengið óháð álit frá CICERO. Hann fékk einkunnina dökkgrænn og framúrskarandi fyrir umgjörð hans.

[Green Financing Framework – HS Veitur](#)

[CICERO Green – Second Opinion – HS Veitur](#)

Skuldabréfaflokkurinn HSVE 42 1110 var gefin út til að fjármagna verkefni sem falla undir grænan fjármögnunarramma félagsins. Í nóvember 2022 voru gefin út skuldbréf að nafnverði 2.000 m.kr. og voru þau seld á pari. Heildarheimild skuldabréfaflokksins er 7.000 m.kr. og hver nafnverðseining 20 m.kr.

HS Veitur hafa unnið skipulega að umhverfismálum um langa hríð. Græni ramminn og skuldabréfaútgáfan sem undir hann fellur er staðfesting á þeim markmiðum sem HS Veitur hafa sett sér sem snúa að því að fjármagna eða endurfjármagna verkefni sem stuðla að ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Græni ramminn og aðferðfræðin við mat á áhrifum fjárfestinga fylgir svokölluðum „green bond principles“, viðmiðum útgefnum af ICMA, alþjóðasamtökum aðila á verðbréfamarkaði. Græni ramminn byggir á fjórum stöðum:


- Skilgreiningu grænna verkefnaflokka
- Valferli grænna verkefna
- Meðferð fjármuna
- Skýrslugjöf til fjárfesta

Framkvæmdastjórn HS Veitna sér um að staðfesta þær eignir sem eru flokkaðar sem grænar fjárfestingar og flokka þær eignir sem þar eru skráðar. Við matið er hugað að þáttum eins og mannréttindum og vinnuréttindum og forðast verulega skaða á öðrum umhverfismarkmiðum eins og þau eru skilgreind í flokkunarkerfi ESB, alþjóðlegum og staðbundnum umhverfis- og félagslegum stöðlum, og með staðbundnum lögum og reglugerðum að því marki sem hægt er.

Fjárfestingar ársins 2023

HS Veitur fjárfestu á árinu 2023 fyrir 2.149 m.kr. Þar af voru grænar fjárfestingar 99% eða 2.128 m.kr. Allar fjárfestingar undir rammanum flokkast sem nýfjárfestingar (100% new financing).

Fjárfestingar ársins niður á verkefnaflokka í græna rammanum greinast þannig:



Fjárfestingaryfirlit með ítarlegri upplýsingum niður á veitukerfi og starfssvæði má finna hér.
[Fjárfestingaryfirlit](#)

Kjarnastarfsemi HS Veitna felst í dreifiveitukerfunum eins og lýst er í inngangi þessarar skýrslu. Í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2023 er fjallað ítarlega um starfsemina. HS Veitur birtu í viðauka með ársreikningi 2023 upplýsingar um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar í samræmi við flokkunarreglugerð ESB.

[Ársskýrsla HS Veitna hf. árið 2023](#)


Nánar verður gert grein fyrir fjárfestingum ársins 2023 hjá hverjum verkefnaflokki skv. skilgreiningu græna rammans.

Dreifikerfi rafmagns

HS Veitur fjárfestu fyrir 1.530 m.kr. á árinu og lögðu 92,9 kílómetra af strenglögnum sem voru annars vegar 30,4 kílómetrar af háspennustrengjum og 62,6 kílómetrar af lágpennustrengjum. Heildar háspennulagnir í dreifikerfi rafmagns í árslok var 618 kílómetrar og 1.550 kílómetrar í lágpennu.

HS Veitur settu upp 30 nýjar dreifiveitustöðvar á árinu 2023 og 5.087 snjallmæla í rafmagni en aukningin á milli ára var 1.788 mælar.

Um 92% af fjárfestingum ársins voru fjármagnaðar með grænum skuldabréfum.



Rekstur á dreifikerfi rafmagns gekk vel á öllum starfssvæðum á árinu þrátt fyrir miklar annir vegna uppbyggingar á nýjum hverfum, styrkingar á rafdreifikerfinu, viðbragð við bilunum og sértækra aðgerða tengt náttúruhamförum í Grindavík.


Á árinu gekk einkar vel að nýta snjallmælagögn við greiningarvinnu og ákvarðanatökur, bæði hvað varðar uppbyggingu í tengslum við orkuskipti og við verkefnavinnu í tengslum við jarðvá á Reykjanesi. Gögnin voru ekki síður mikilvæg í samvinnu við Almannavarnir og í tengslum við upplýsingamiðlun um stöðu á veitukerfum eftir hamfarirnar í Grindavík, en bærinn hafði verið rýmdur og mikilvægt fyrir íbúa að fá upplýsingar um rafmagn og hitaveitu á húsum sínum. Ljóst er að mikil tækifæri eru í frekari snjallvæðingu kerfisins.

Dreifikerfi hitaveitu

HS Veitur fjárfestu fyrir 361 m.kr. á árinu og lögðu 14,7 kílómetra af pípum. Heildarlagnir í dreifikerfi hitaveitu í árslok var 541 kílómetri.

HS Veitur settu upp 182 snjallmæla í dreifikerfi hitaveitu en aukningin á milli ára var 139 mælar.

Fjárfestingar ársins voru allar fjármagnaðar með grænum skuldabréfum.



Rekstur á dreifikerfi hitaveitu gekk vel yfir árið. Helstu verkefni ársins á Suðurnesjum voru ýmsar stærri tengingar í nýjum hverfum og m.a. fyrir nýtt hjúkrunarheimili, skóla og atvinnuhúsnæði við alþjóðaflugvöllinn. Helstu áskoranir ársins voru tengdar jarðvá á Reykjanesi þar sem jarðhræringar, jarðsig og sprungu myndanir ollu skemmdum á innviðum hitaveitunnar í Grindavík. Þá var Grindavíkurræðin, stofnlögn hitaveitu, endurnýjuð á árinu. Einnig var sett upp ný hitaveitudælustöð við Unnardal í Innri Njarðvík.


Rekstur hitaveitunnar í Vestmannaeyjum gekk heilt yfir vel á árinu þrátt fyrir áskoranir tengt því að skerðingar voru í rafmagni fyrir kyndistöðina á meðan sæstrengur Landsnets var bilaður. Gert var við nokkur inntök og lokið var við að skipta út öllum stál lofttúðum og eru nú allir 140 brunnarnir í dreifikerfinu með viðhaldsfríum plasttúðum. Rekstur sjóvarmadælustöðvarinnar gekk tæknilega séð vel og á árinu var jafnframt lokið við að endurnýja stjórnbúnað í kyndistöð.

Dreifikerfi vatnsveitu

HS Veitur fjárfestu fyrir 133 m.kr. á árinu og lögðu 10,1 kílómetra af pípum. Heildarlagnir í dreifikerfi vatnsveitu í árslok var 406 kílómetrar.

HS Veitur settu upp 40 snjallmæla í dreifikerfi vatnsveitu en aukningin á milli ára voru 27 mælar.

Fjárfestingar ársins voru allar fjármagnaðar með grænum skuldabréfum.



Rekstur dreifikerfi vatnsveitu gekk vel yfir árið. Helstu verkefni ársins á Suðurnesjum voru ýmsar stærri tengingar í nýjum hverfum og stofnunum. Bætt var við tveimur hraðabreytum og varaafsstöð endurnýjuð fyrir kalt vatn í Grænás.

Í tengslum við viðbragðsáætlanir fyrirtækisins tengt jarðvá á Reykjanesi var farið í stækkun á vatnsbóli við Árnarétt í Garði. Gekk verkefnið vonum frammar og er nú varavatnsbólið tilbúið og mun nýttast bæði íbúum og atvinnulífi, utan stórnotendum, í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ ef á reynir.

Í Vestmannaeyjum gekk rekstur stofnæðar í landi með ágætum þrátt fyrir nokkrar bilanir. Lokið var við að setja upp og tengja nýja dælu ásamt hraðabreyti við dælustöðina á Landeyjarsandi.

Það var hins vegar áfall fyrir bæði reksturinn og allt samfélagið í Vestmannaeyjum þegar Huginn VE 55 olli stórtjóni á neðansjávarlögnum sem flytur vatn til eyjunnar frá landi. Um alvarlegan atburð er að ræða þar sem þetta er eina leiðslan sem flytur neysluvatn frá landi til Eyja. HS Veitur vann ötullega að því að tryggja að unnt væri að flytja vatn um skemmdu lögnina til að fullnægja vatnspörf í sveitarfélaginu.

Snjallmælar


HS Veitur hófu þá vegferð að innleiða snjallmæla í rafmagni á árinu 2015. Byggt á gögnum úr snjallmælum er mögulegt að áætla hvaða áhrif orkuskipti hafa bæði haft og munu hafa til lengri tíma litið á rafdreifikerfi á þjónustusvæðum fyrirtækisins. Lögð hefur verið áhersla á góðan undirbúning í tengslum við innviðauppbýggingu til framtíðar í tengslum við full orkuskipti.

Gögnin voru einnig nýtt yfir í háspennukerfi HS Veitna og var afurðin sú að greina hvar væri þörf á frekari styrkingum í dreifikerfi HS Veitna vegna orkuskipta.

Sami grunnur og notaður var fyrir orkuskiptagreiningarnar nýttist þegar viðbragðsáætlanir voru unnar í tengslum við jarðvá á Reykjanesi eftir að jarðhræringar fóru að gera vart við sig við Svartsengi. Með snjallmælagögnum og greiningartólinu var mögulegt að áætla hvaða áhrif rafkynding hefði á rafdreifikerfi HS Veitna á Suðurnesjum. Kom út úr þeirri vinnu að mikilvægt yrði að setja meginreglu um hámark fyrir rafkyndingu á hverja íbúð ef heitt vatn myndi hætta að berast úr Svartsengi og grípa þyrfti til rafkyndingar. Einnig var með þessu áætlað hvar veikleikar væru í kerfinu og í kjölfarið var ráðist í styrkingar.

HS Veitur hófu innleiðingu á snjallmælum vegna sölu á heitu vatni á árinu 2014 en þá var ákveðið að hætta alfarið með hemla og fara í að skipta út öllum hemlum hjá heimilum og smærri notendum yfir í rennslismæla sem myndu skila daglegum álestrum sjálfkrafa til HS Veitna. Í lok árs 2018 voru 193 hemlar enn í rekstri en þeir voru á strjálbýlum svæðum og ákveðið að skipta þeim ekki út. Mælavæðingu í heitu vatni taldist lokið, að gefnum framangreindum forsendum, í árslok 2018.

Fjöldi snjallmæla




Snjallmælar í dreifikerfi rafveitu:

Í lok árs 2023 var heildarfjöldi raforkumæla í okkar dreifikerfi kominn í 42.955 mæla og hefur mælafjöldi aukist um 4,3% á milli ára eða 1.788 mæla. Mælaskipti á árinu gengu ágætlega og voru 703 raforkumælar eftir í mælaskiptum í lok árs 2023.

Snjallmælar í dreifikerfi hitaveitu og vatnsveitu:


Í lok árs 2023 var heildarfjöldi vatnsmæla í veitukerfi hitaveitu og vatnsveitu kominn í 11.592 mæla og hefur mælafjöldi aukist um 1,42% á milli ára eða 162 mæla. Mikill og góður árangur hefur náðst í að bæta álestur og hefur vinna í söfnunarkerfum og uppsetningu MUC eininga í raforkumæla skilað mestum árangri. Af þeim 11.592 snjallmælum sem voru komnir upp voru 10.209 snjallmælar komnir með daglegan álestur eða 98,5%.




Samgöngutæki og hleðslustöðvar:

Vegferðin að skipta bílaflota HS Veitna yfir í rafmagnsbíla hélt áfram á árinu 2023. Á árinu voru keyptar 9 rafmagns bifreiðar sem flokkast sem grænar eignir og á móti voru seldar 8 dísel bifreiðar og 1 tvinn bíll. Heildarfjárfesting vegna bifreiða nam 93,7 m.kr. Fjöldi bifreiða var 59 í árslok en þar af voru 41 sem flokkast sem grænir bílar eða 69,5% en hafði verið 57% í upphafi árs.

Á árinu 2023 var jafnframt fjárfest í 2 hraðhleðslustöðvum fyrir 11,3 m.kr.



Fjöldi ökutækja 2023



Úthlutun fjármagns

Undir lok árs 2022 gaf félagið út alls 2.000 milljónir króna af grænum skuldabréfum samkvæmt grænum ramma sem öll voru notuð til að fjármagna hæf verkefni (eins og þau eru skilgreind í rammanum). Útistandandi fjárhæð í árslok var enginn og endurfjármögnunarhlutfall er 0%.

Samantekt yfir fjárfestingar ársins 2023

Fjárfestingar 2023	Fjárhæð	Græn fjármögnun	Hlutfall	Fjöldi	Kílómetrar
Dreifikerfi rafmagns					
Háspenna	299 m.kr.	281 m.kr.	94%		30,3
Lágspenna	646 m.kr.	606 m.kr.	94%		62,6
Dreifiveitustöðvar	415 m.kr.	390 m.kr.	94%	30	
Snjallmælar	126 m.kr.	126 m.kr.	100%	5.087	
Aðrar fjárfestingar	43 m.kr.	0 m.kr.	0%		
	1.530 m.kr.	1.402 m.kr.	92%		92,9
Dreifikerfi hitaveitu					
Dreifikerfi	272 m.kr.	272 m.kr.	100%		14,7
Snjallmælar	3 m.kr.	3 m.kr.	100%	182	
Aðrar fjárfestingar	85 m.kr.	85 m.kr.	100%		
	361 m.kr.	361 m.kr.			
Dreifikerfi vatnsveitu					
Dreifikerfi	126 m.kr.	126 m.kr.	100%		10,1
Snjallmælar	1 m.kr.	1 m.kr.	100%	40	
Aðrar fjárfestingar	7 m.kr.	7 m.kr.	100%		
	134 m.kr.	134 m.kr.			
Samgöngutæki og hleðslustöðvar					
Bífreiðar	94 m.kr.	94 m.kr.	100%	9	
Hraðhleðslustöðvar	11 m.kr.	11 m.kr.	100%	2	
	105 m.kr.	105 m.kr.			

Lokaorð

Skýrslan hefur hlotið staðfestingu óháðs aðila, Deloitte, með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) um að framvinduskýrsla þessi vegna grænna skuldabréfa byggir á viðeigandi upplýsingum hvað varðar fjárhæðir lántöku og ráðstöfun lánveitinga í samræmi við samþykktan grænan ramma félagsins.

HS Veitur hafa jákvæða reynslu af því að starfa með græna rammann og félagið mun skoða í framhaldinu að uppfæra græna rammann og nýjustu kröfur og regluverk (EU Taxonomy og EU Green Bond Standard) til að geta gefið út frekari grænar útgáfur.